

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Dags. 18.09.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2020-0218  
0.5.2

Hér á eftir fer umsögn Veðurstofu Íslands vegna máls 119/2020 – Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa.

Veðurstofan lýsir ánægju sinni með fyrirhugaða aðgerðaáætlun en vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Áætlunin greinir á milli landnýtingarþátta og beinnar losunar þegar kemur að landbúnaði. Í texta ofan við mynd 21 segir: „Iðragerjun á stærstan þátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði“. Fram kemur annarsstaðar að losun tengd landbúnaði vegna framræslu votlendis sé um tuttuguföld losun vegna iðragerjunar. Þessi texti er því ekki réttur.

Aðgerð C.3 *Lofslagsáhrif byggingariðnaðarins* virðist byggja á vinnu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem fyrirhugað er að leggja niður á næstunni. Óljóst er hvert verkefni munu flytjast, en rannsóknir á umhverfisvænni steinsteypu eru mikilvægar í tengslum við losun frá steypunni og samdrátt losunar. Þessi hluti aðgerðar C.3 er því í óvissri stöðu.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ